

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Núpsár.

103

24. ágúst

1. gr.

Félagið heitir: Fiskiræktar- og veiðifélag Núpsár. Heimili þess og varnarþing er á Núpi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði í Núpsá og arð af henni með því:

- a. að stunda laxa- og silungaklak,
- b. að reka lax- og silungsveiði í ánni fyrir alla félagsmenn sameiginlega.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Núpsá. Félags-svæðið eru allar þær jarðir, sem eiga land að ánni. Þessar jarðir eru:

Lækur, eigandi Zópónias Jónsson.

Hóllakot, eigandi Guðmundur Á. Sigurðsson.

Klukkuland, eigendur Brynjólfur Einarsson og Jón Franklinsson.

Núpur, með hjáleigunum Kotnúpi, Rana, Ytrihúsum og Innrihúsum, eigendur Kristinn Guðlaugsson, Jens Jóhannesson og héraðsskólinn á Núpi.

Félagsmenn eru allir ábúendur þessara jarða.

4. gr.

Óheimilt er öllum, að veiða lax eða siglung í ánni nema með sérstöku, skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn, með samþykki meirihluta félagsmanna, að leigja ána alla, eða hluta af henni, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi lengra vera, en til eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu. Arður af slíkri veiði skiptist milli félagsmanna eftir arðskrá.

6. gr.

Félagið ræður mann til að veita allri veiði í Núpsá forstöðu. Nefnist hann veiðistjóri.

7. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmd félagsveiðinnar, ræður hann mann, eða menn, sér til aðstoðar, eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt þó í samráði við félagsstjórn.

8. gr.

Félagið starfrækir laxa- og silungaklak í Núpsá, á þeim stöðum er félagsstjórn velur, í samráði við fiskiræktarráðunaut. Kostnaði við það, skal jafna á félagsmenn, eftir þeim hlutföllum er aðskrá og gjaldskrá félagsins ákveður. Klekja skal út svo mörgum seiðum sem ástæður leyfa og þó aldrei færri en 100 laxaseiðum fyrir hvern lax er veiðist í ánni.

9. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: Formaður gengur úr eftir 1 ár, annar meðstjórnandi, með hlutkesti, eftir 2 ár og hinn meðstjórnandinn eftir 3 ár. Síðan helst sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll banni, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

10. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli funda. Hún ræður klakstjóra og veiðistjóra og gerir við þá samning um kaup og önnur kjör, til eins árs í senn. Þó getur stjórnin gert samning við þá, til lengri tíma, samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Fela má stjórnin sama manni bæði störfin.

Stjórnin hefir eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlitt og má hún ráða menn sér til aðstoðar, ef með þarf, þó án sérkostnaðar fyrir félagið. Er hverjum félagsmanni skylt að veita slíka aðstoð án endurgjalds.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum þess og fjárreiðum. Hann boðar til félagsfunda og stjórnar þeim. Geti hann ekki mætt, er annarhvor meðstjórnenda fundarstjóri eftir vali fundarins.

11. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

- a. ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarfnis getið í fundarboði,
- b. sé $\frac{1}{3}$ félagsmanna og meiri hluti stjórnar mættur.

Nú er fundur ekki lögmætur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara og getur stjórnin þá ávallt ákveðið að fundur sé lögmætur.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins, á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur, um starfsemi þess á næsta ári. Þá leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kys stjórn, samkv. 9. gr., og tvo endurskoðendur félagsreikninga til eins árs. Hann kveður á um laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema um breytingar á samþykktum eða félagsslit sé að ræða.

12. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess. Fundarefni skal jafnan tilgreint.

13. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar ætíð fullgerðir og endurskoðaðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram samkv. 11. gr.

14. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og öðrum tekjum, svo og öllum gjöldum, er af starfsem félagsins leiða, skal skipt niður á félagsmenn, samkvæmt arðskrá og gjaldskrá, er lögmætur fundur hefir samþykkt og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ hlufum félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn, nema $\frac{2}{3}$ hlutar félagsmanna samþykki að breyta henni fyrri. Náist ekki samkomulag um nýja skrá, þegar hin gamla hefir gilt 5 ár, skal hún gilda áfram, unz samkomulag næst.

Nú verður ágreiningur um einhver þau atriði, er veiðina snerta, eða skiptingu arðs eða gjalda, skal þá með það farið samkvæmt 83.—85. gr. laga 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

15. gr.

Eigi má úthluta arði, samkvæmt 14. gr., fyrri en eftir aðalfund, enda sé þá tekjuafgangur á ársreikningi félagsins. Aðalfundur getur samþykkt að halda eftir allt að 30% af tekjuafgangi, er færast í félagssjóð. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn, eftir þeim hlutföllum er arðskrá og gjaldskrá ákveður.

16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 100—1000 kr. er renni í sýslusjóð. Auk þess skal veiði, eða andvirði hennar, gerð upptæk og renni í félagssjóð. Öll veiðarfæri skulu gerð upptæk sem notuð eru með ólöglegum hætti.

17. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

18. gr.

Félaginu má slíta ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á lögsmætum félagsfundi.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, sbr. lög nr. 79 23. júní 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. ágúst 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Núpsár.

Arður og gjöld skiptist milli allra þeirra jarða, er land eiga að Núpsá, eftir þeim hundraðshlutföllum er hér greinir:

	Hundraðshlutar af arði eða gjöldum
Lækur	14,29
Hólakot	3,56
Klukkuland	14,29
Kotnúpur	12,86
Núpur með Innrihúsum	32,14
Rani	11,43
Ytrihús	11,43
Samtals	100,00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. ágúst 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.